

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 521/2001/EB

2002/EES/16/14

frá 26. febrúar 2001

um að víkka út tiltekna áætlanir í aðgerðum bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis, sem voru samþykktar með ákvörðunum nr. 645/96/EB, 646/96/EB, 647/96/EB, 102/97/EB, 1400/97/EB og 1296/1999/EB og um breytingu á þeim ákvörðunum(\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fjölmargar aðgerðaáætlanir bandalagsins innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis falla úr gildi innan tíðar.

2) Eftirfarandi fellur úr gildi í lok ársins 2000:

aðgerðaáætlun bandalagsins um heilsueflingu, upplýsingamiðlun, fræðslu og menntun, samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 645/96/EB<sup>(4)</sup>,

aðgerðaáætlun um baráttu gegn krabbameini, samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 646/96/EB<sup>(5)</sup>,

aðgerðaáætlun bandalagsins um að koma í veg fyrir eyðni og tiltekna smitsjúkdóma, samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 647/96/EB<sup>(6)</sup>,

aðgerðaáætlun bandalagsins um forvarnir gegn lyfjafíkn, samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 102/97/EB<sup>(7)</sup>.

3) Eftirfarandi fellur úr gildi í lok ársins 2001:

aðgerðaáætlun bandalagsins um heilsugæslu, samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1400/97/EB<sup>(8)</sup>,

aðgerðaáætlun bandalagsins um sjúkdóma, sem rekja má til mengunar, samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1296/1999/EB<sup>(9)</sup>.

4) Í ályktun sinni frá 8. júní 1999 um framtíðaraðgerðir bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis<sup>(10)</sup> lagði ráðið áherslu á þörfina fyrir samfelldni í aðgerðum bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis í ljósi þess að nógildandi áætlanir munu falla úr gildi.

5) Í orðsendingu sinni frá 15. apríl 1998 til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um mótun heilbrigðisstefnu í Evrópubandalaginu lét framkvæmdastjórnin þess getið að nógildandi heilbrigðisáætlunum lyki í lok ársins 2000 og lagði áherslu á nauðsyn þess að koma í veg fyrir að tómarúm myndaðist í stefnu bandalagsins á þessu mikilvæga sviði. Umræða, sem fylgdi í kjölfar orðsendingarinnar, varð til þess að samstaða myndaðist meðal stofnana bandalagsins um að móta nýja heilbrigðisstefnu með heildaraðgerðaráætlun um almannaheilbrigði.

6) Á meðan fjallað er um nýja stefnu og tillögur um nýja heildaráætlun á sviði almannaheilbrigðis ber að framlengja nógildandi áætlanir á sviði almannaheilbrigðis til ársloka 2002 til þess að ekki verði hlé á viðkomandi aðgerð bandalagsins.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 79, 17.3.2001, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 14.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 135.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 29. nóvember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 29. janúar 2001.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB L 95, 16.4.1996, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB L 95, 16.4.1996, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB L 95, 16.4.1996, bls. 16.

<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB L 19, 22.1.1997, bls. 25.

<sup>(8)</sup> Stjttíð. EB L 193, 22.7.1997, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjttíð. EB L 155, 22.6.1999, bls. 7.

<sup>(10)</sup> Stjttíð. EB C 200, 15.7.1999, bls. 1.

- 7) Eigi áætlanir að falla úr gildi 31. desember 2000 skal kveða á um framlengingu til næstu tveggja ára, á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 annars vegar og 1. janúar 2002 til 31. desember 2002 hins vegar, ásamt árlegri skiptingu fjárhagsramma sem er til framkvæmdar viðkomandi áætlunum.
- 8) Til að tryggja snurðulausa og árangursríka aðlögun aðgerða bandalagsins frá núgildandi áætlunum að þeirri heildaráætlun á sviði heilbrigðis sem liggur fyrir að samþykka ætti þessi ákvörðun um framlengingu, jafnframt því að tilgreina framlengingu fjárhagsramma fyrir áætlanirnar, að tryggja að fjárhagsaðstoð skiptist jafnt á þær.
- 9) Ákvörðun þessa ber að fella úr gildi frá gildistökudegi nýrrar ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði almannaeilbrigðis.
- 10) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er kveðið á um nánari samvinnu á sviði almannaeilbrigðis milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og þeirra landa Fríverslunarsamtaka Evrópu sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (EFTA/EES-lönd) hins vegar. Gera skal ráðstafanir til að eftirtaldir aðilar geti tekið þátt í áætlunum á sviði almannaeilbrigðis: samstarfslöndin í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin sem eru sett í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða, Kypur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land, auk Möltu og Tyrklands á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.
- 11) Þegar áætlanirnar eru framlengdar ber að taka tillit til orðsendingarinnar frá 15. júní 2000 frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um heilbrigðisstefnu Evrópubandalagsins, niðurstaðna ráðsins frá 26. nóvember 1998 um framtíðarramma fyrir aðgerð bandalagsins á sviði almannaeilbrigðis <sup>(1)</sup>, ályktunar ráðsins frá 8. júní 1999 um framtíðar- aðgerð bandalagsins á sviði almannaeilbrigðis <sup>(2)</sup>, ályktunar Evrópuþingsins frá 10. mars 1999 <sup>(3)</sup>, álits efnahags- og félagsmálanefndarinnar frá 9. september 1998 <sup>(4)</sup> og álits svæðanefndarinnar frá 19. nóvember 1998 <sup>(5)</sup>. Enn fremur ber að taka tillit til

bráðabirgðaskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 14. október 1999 til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um framkvæmd aðgerðaáætlana bandalagsins um að koma í veg fyrir krabbamein, eyðni, tiltekna smitsjúkdóma og lyfjafíkn innan ramma aðgerðar á sviði almannaeilbrigðis og til bráðabirgðaskýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. mars 2000 til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um framkvæmd aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsuefingu, upplýsingamiðlun, fræðslu og menntun (1996-2000).

- 12) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir á framlengingartímabili aðgerðaáætlana og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga <sup>(6)</sup>.
- 13) Breyta ber ákvörðunum nr. 645/96/EB, 646/96/EB, 647/96/EB, 102/97/EB, 1400/97/EB og 1296/1999/EB með tilliti til ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(7)</sup>.
- 14) Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram eftirlit og sífellt mat á þessari áætlun í samstarfi við aðildarríkin.

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### *I. gr.*

Ákvörðun nr. 645/96/EB er breytt sem hér segir:

- Í stað „31. desember 2000“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2002“.
- Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði 5. gr.“ í 1. mgr. 2. gr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“.
- Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:
 

„1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar áætluninni nemur 35 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 1996 til 31. desember 2000, 7,27 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 og 7,27 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2002.“
- Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:
 

„5. gr.

#### Framkvæmdarráðstafanir

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, ber að samþykka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. a:

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB C 390, 15.12.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB C 200, 15.7.1999, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB C 175, 21.6.1999, bls. 135.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 21.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB C 51, 22.2.1999, bls. 53.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- a) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;
- b) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefna sem fela í sér samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannaeilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;
- c) matsaðferð;
- d) með hvaða hætti útbreiðsla og yfirfærsla niðurstaðna skuli fara fram;
- e) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skuli háttáð.

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar önnur málefni, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. a.

#### 5. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

#### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
  2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
  3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
- Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.“

#### 6. Í 6. gr.:

- a) í stað orðanna „í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr.“ í 1. mgr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“;
- b) í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirtöldum löndum er fjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- a) EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- b) samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- c) Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
- d) Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.“

#### 7. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

#### Eftirlit og mat

1. Við framkvæmd þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir í samvinnu við aðildarríkin til þess að tryggja eftirlit og mat á aðgerðum áætlunarinnar eins og kveðið er á um í 1. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu í júlí 1998 og lokaskýrslu þegar áætluninni er lokið. Skýrslurnar skulu innihalda niðurstöðurnar úr matinu sem um getur í 1. mgr. Einnig ber að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslurnar.“

2. gr.

Ákvörðun nr. 646/96/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað „31. desember 2000“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2002“.

2. Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði 5. gr.“ í 1. mgr. 2. gr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“.

3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar áætluninni nemur 64 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 1996 til 31. desember 2000, 13,3 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 og 13,3 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2002.“

4. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

#### Framkvæmdarráðstafanir

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. a:

- a) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;
- b) einföldun og endurbætur á grundvallaraðferðum við stjórnun áætlunarinnar sem birta skal með eðlilegum fyrirvara;
- c) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefna sem fela í sér samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannaeilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;
- d) matsaðferð;

- e) með hvaða hætti útbreiðsla og yfirfærsla niðurstaðna skuli fara fram;
- f) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skuli háttað.

skýrslur. Einnig ber henni að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslurnar.“

3. gr.

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar önnur málefni, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. a.“

Ákvörðun nr. 647/96/EB er breytt sem hér segir:

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.“

6. Í 6. gr.:

- a) Í stað orðanna „í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr.“ í 1. mgr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“;

- b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- a) EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- b) samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- c) Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
- d) Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.“

7. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu í júlí 1998 og lokaskýrslu þegar áætluninni er lokið. Í skýrslunum ber að leggja sérstaka áherslu á að þessi aðgerð komi til fyllingar öðrum aðgerðum sem kveðið er á um í 4. gr. Framkvæmdastjórninni ber að fella matsniðurstöðurnar inn í þessar

1. Í stað „31. desember 2000“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2002“.

2. Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði 5. gr.“ í 1. mgr. 2. gr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“.

3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar áætluninni nemur 49,6 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 1996 til 31. desember 2000, 10,07 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 og 10,07 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2002.“

4. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

**Framkvæmdarráðstafanir**

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. a:

- a) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;

- b) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefna sem fela í sér samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannaeilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;

- c) matsaðferð;

- d) með hvaða hætti útbreiðsla og yfirfærsla niðurstaðna skuli fara fram;

- e) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skuli háttað.

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar önnur málefni, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. a.“

## 5. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.“

## 6. Í 6. gr.:

- a) í stað orðanna „í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr.“ í 1. mgr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“;

- b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- a) EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- b) samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- c) Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
- d) Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.“

## 7. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu í júlí 1998 og lokaskýrslu þegar áætluninni er lokið. Framkvæmdastjórninni ber að fella matsniðurstöðurnar inn í þessar skýrslur. Einnig ber henni að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslurnar.“

4. gr.

Ákvörðun nr. 102/97/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað „31. desember 2000“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2002“.

2. Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði 5. gr.“ í 1. mgr. 2. gr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“.

3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar áætluninni nemur 27 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 1996 til 31. desember 2000, 5,38 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 og 5,38 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2002.“

4. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

**Framkvæmdarráðstafanir**

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. a:

- a) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;
- b) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefna sem fela í sér samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannaeilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;
- c) matsaðferð;
- d) með hvaða hætti útbreiðsla og yfirfærsla niðurstaðna skuli fara fram;
- e) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skuli háttað.

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar önnur málefni, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. a.“

## 5. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.“

## 6. Í 6. gr.:

- a) í stað orðanna „í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr.“ í 1. mgr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“;
- b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:
 

„2. Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

  - a) EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
  - b) samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
  - c) Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
  - d) Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.“

## 7. Í stað 2. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið bráðabirgðaskýrslu í júlí 1998 og lokaskýrslu þegar áætluninni er lokið. Framkvæmdastjórninni ber að fella matsniðurstöðurnar inn í þessar skýrslur. Einnig ber henni að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslurnar.“

## 5. gr.

Ákvörðun nr. 1400/97/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað „31. desember 2001“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2002“.
2. Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði 5. gr.“ í 1. mgr. 2. gr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“.
3. Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:
 

„1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar áætluninni nemur 13,8 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 1997 til 31. desember 2001 og 4,4 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2002.“
4. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:
 

„5. gr.

**Framkvæmdarráðstafanir**

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. a:

- a) árlega starfsáætlun þar sem aðgerðum er forgangsraðað;
- b) tilhögun, viðmiðanir og málsmeðferð að því er varðar val og fjármögnun verkefna samkvæmt áætluninni, meðal annars verkefna sem fela í sér samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir á sviði almannaveilbrigðis og þátttöku þeirra landa sem um getur í 2. mgr. 6. gr.;
- c) matsaðferð;
- d) ákvæði þau sem gilda um skil á gögnum, yfirfærslu þeirra og aðrar aðferðir við að gera gögnin sambærileg í því augnamiði að ná fram því markmiði sem um getur í 2. mgr. 1. gr.;
- e) með hvaða hætti útbreiðsla og yfirfærsla niðurstaðna skuli fara fram;
- f) hvernig samstarfi við stofnanir og samtök, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skuli háttáð;
- g) ákvæði um skilgreiningu og val á vísbendum;
- h) ákvæði um forskriftir um inntak sem nauðsynlegar eru til þess að koma netkerfunum á fót og starfrækja þau.

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar önnur málefni, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. a.

## 5. Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
  2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
  3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
- Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
4. Nefndin setur sér starfsreglur.“

## 6. Í 6. gr.:

- a) í stað orðanna „í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr.“ í 1. mgr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 5. gr. a“;

b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
- Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.“

6. gr.

Ákvörðun nr. 1296/1999/EB er breytt sem hér segir:

- Í stað „31. desember 2001“ í 1. mgr. 1. gr. komi „31. desember 2002“.
- Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði 5. gr.“ í 1. mgr. 2. gr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 5. gr. a“.
- Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:  
„1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar áætluninni nemur 3,9 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 1999 til 31. desember 2001 og 1,3 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2002.“
- Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

#### Framkvæmdarráðstafanir

Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr. a:

- starfsáætlunina;
- viðmiðanir og aðferðir við val og fjármögnun verkefna samkvæmt þessari áætlun;
- eftirlits- og matsaðferðina sem um getur í 7. gr.“

5. Eftirfarandi grein bættist við:

„5. gr. a

#### Nefnd

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
  - Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
  - Nefndin setur sér starfsreglur.“
6. Í 6. gr.:
- í stað orðanna „í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr.“ í 1. mgr. komi „í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 5. gr. a“;
  - í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
- Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans.“

7. gr.

#### Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2001.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. LINDH

forseti.